




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

26/05/2020

Öryggismál í skóla- og frístundastarfi

Tillögur starfshóps



Innihald

Tillögur starfshópsins	4
Formáli	5
Staðan á öryggismálum í skóla- og frístundastarfi haustið 2019	5
Tillögur um aðgerðir sem aukið geta öryggi í skóla- og frístundastarfi	7
Viðmið og verklagsreglur.....	7
Upplýsingaefni og fræðsla um öryggismál.....	7
Auðkenningar, merkingar og aðgengi.....	8
Öryggismyndavélar, lýsing og aðgangsstýring.....	9
Samráð	13
Samantekt.....	14
Fylgiskjöl.....	15
Fylgiskjal 1	Tillaga skóla- og frístundaráðs um starfshóp
Fylgiskjal 2	Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins
Fylgiskjal 3	Minnisblað - Samantekt varðandi öryggismál í skóla- og frístundastarfi
Fylgiskjal 4	Erindisbréf - Starfshópur um öryggismál í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkur
Fylgiskjal 5	Viðmið varðandi aukið öryggi í leikskóla og á leikskólalóð
Fylgiskjal 6	Viðmið varðandi aukið öryggi í skóla og á skólalóð á skólatíma
Fylgiskjal 7	Viðmið varðandi aukið öryggi í frístundastarfi, innan dyra sem utan
Fylgiskjal 8	Öryggi í skóla- og frístundastarfi, á vefsíðum starfsstaða SFS, dæmi um efni
Fylgiskjal 9	Öryggismyndavélar - Dæmi um meðaltalskostnað
Fylgiskjal 10	Vegna notkunar eftirlitsmyndavéla í grunnskólum – frá lögfræðipjónustu SFS
Fylgiskjal 11	Dæmi um „heimagerð“ auðkenniskorti
Fylgiskjal 12	Öryggiskerfi/eftirlitsmyndavélar í frístundastarfi SFS á vorönn2020
Fylgiskjal 13	Umsögn verkefnisstjóra trygginga og umsjónarmanns öryggisgæslusamnings Reykjavíkurborgar um efni skýrslunnar
Fylgiskjal 14	Umsögn ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar um efni skýrslunnar

Tillögur starfshópsins

Starfsópurinn setur fram nokkrar tillögur sem skipta má í fjóra meginflokka, nánar er farið yfir þessar tillögur á bls. 6-11:

Viðmið og verklagsreglur

Útbúin hafa verið viðmið fyrir leikskóla (fskj. 5), grunnskóla (fskj. 6) og frístundastarf (fskj. 7). Í viðmiðunum er lagt til að starfsstaðir setji sér eigið verklag til að bæta og viðhalda öryggi á sínum vinnustað þar sem þeir ákveða hvernig þeir t.d. háttu auðkenningu starfsmanna, daglegum öryggisatriðum, viðveruskráningu barna og kynningum og upplýsingagjöf til barna, foreldra og starfsfólks.

Fræðsla og upplýsingagjöf

Allir starfsstaðir geri sér áætlun um öryggisfræðslu og tilgreini með skýrum hætti í sínum starfsáætlunum. Allir starfsstaðir séu með sérstakan stað á heimasíðu sinni um öryggismál og kynni fyrir starfsfólki, börnum og foreldrum.

Auðkenningar, merkingar og aðgengi

Mælst er til þess að starfsfólk sé auðkennt, t.d. með auðkenniskorti og einnig að gestir fái gestakort í hálsbandi. Einnig er lagt til að starfsfólk sé auðþekktanlegt í útiveru starfsstaða, það sé t.d. í skærletum vestum eða fatnaði sem auðkennir það.

Bæta þarf úr merkingum víða við starfsstaði. Mikilvægt er að aðalinngangar séu merktir sem slíkir og á það sérstaklega við grunnskóla og þegar inn er komið á að vera augljóst hvar skrifstofa skólans er. Einnig má bæta úr merkingum við leikskóla, til dæmis að heiti deilda séu á eða við útidyr. Hið sama má segja um frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Huga þarf að því að fækka inngöngum sem eru ólæstir og hafa „aukainnganga“ eingöngu opna þegar bein eða óbein vöktun er á þeim t.d. við upphaf og lok dags og í tengslum við frímínútur/útiveru.

Öryggismyndavélar, lýsing og aðgangsstýring

Öryggismyndavélar: Hópurinn mælir með því að skoðað verði að setja upp öryggismyndavélar við starfsstaði þar sem þörf er talin á og því verður við komið. Þetta sé gert í samráði við stjórnendur hvers starfsstaðar og í samræmi við lög um persónuvernd. Öryggismyndavélar verði eingöngu utandyra við leikskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar en í grunnskólum verði myndavélar settar upp bæði innan dyra og utan (í sumum tilfellum deila frístundheimili og félagsmiðstöðvar húsnæði með grunnskóla og kallar það á samstarf um fyrirkomulagið).

Lýsing og aðgangsstýring: Skoðað verði hvort viðbótarlýsing eða skynjaraljós geti dregið úr óæskilegum heimsóknum á skólalóðir á kvöldin og um helgar. Einnig má kanna hvort aðgangsstýring geti hentað starfsstöðum sem eru í alfaraleið t.d. í Miðborginni eða þar sem saga er um að óviðkomandi hafi komið inn án tilefnis og valdið truflun á starfsemi eða ógnað börnum og starfsfólki.

Formáli

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi 8. október 2019 að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að setja af stað starfshóp til að móta tillögur til að auka öryggi barna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar (fskj. 1). Á sama fundi var samþykkt að vísa til starfshópsins tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi eftirlit við grunn- og leikskóla í borginni og tillögur varðandi auðkenni og öryggismyndavélar (fskj. 2). Gerð var lausleg könnun á stöðu öryggismála hjá starfsstöðum skóla- og frístundasviðs og gerð grein fyrir henni í minnisblaði sem lagt var fram í skóla- og frístundaráði á sama fundi 8. október 2019 (fskj. 3). Stjórnendur leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs lögðu fram ýmsar tillögur til úrbóta til að auka öryggi barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Starfshópurinn skyldi nýta framangreindar upplýsingar og tillögur í starfi sínu auk annarra upplýsinga sem hópurinn aflar t.d. um þátt forvarna og fræðslu varðandi öryggismál barna, ungmenna og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi.

Starfshópurinn hittist á sínum fyrsta fundi 7. nóvember 2019 og fundaði á tímabilinu nóvember 2019 til maí 2020. Samkvæmt erindisbréfi (fskj. 4) var hópnun ætlað að skila tillögum 1. febrúar en sótt var um frest til 1. mars vegna umfangs verkefnisins og þess að töluverð mannskípti urðu í hópnun á starfstímanum. Þá varð töf á lokafrágangi tillagna hópsins vegna heimsfaraldurs.

Hópin skipuðu:

- Guðrún Hjartardóttir, verkefnastjóri á skrifstofu sviðsstjóra – hópstjóri.
- Guðrún Ísabella Þráinsdóttir, verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu - Soffía Pálsdóttir skrifstofustjóri frístundahluta fagskrifstofu var frá 1. janúar 2020.
- Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri á grunnskólahluta fagskrifstofu.
- Sigríður Marteinsdóttir, verkefnastjóri á leikskólahlutahluta fagskrifstofu – Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólahluta fagskrifstofu var frá 1. janúar 2020.
- Daníel Benediktsson, verkefnastjóri fasteigna og búnaðar. fjármála- og rekstrarþjónustu, var frá 20. janúar 2020.

Staðan á öryggismálum í skóla- og frístundastarfi haustið 2019

Í lok september 2019 gerði skrifstofa skóla- og frístundasviðs lausleg könnun á stöðu öryggismála í skóla- og frístundastarfi. Samantekt um þessa könnun var lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs í byrjun október 2019. Hér fyri neðan er örstuttur útdráttur úr samantektinni, en sjá má samantektina í heild sinni í fylgiskjali 3.

Grunnskólar - Í spurningum til grunnskóla var spurt hvernig aðgangsstýringu væri háttað og um verklag og viðmið um aðgengi að skólanum. Einnig var spurt um aukeningu starfsfólks í skóla og á lóð. Þá var spurt hvort upptökur úr öryggismyndvélum hefðu nýst við úrlausn mála er varða ókunnuga í skóla/á lóð og að lokum var spurt hvernig stjórnendur myndu vilja breyta í öryggismálum í sínum skóla og hvað þyrfti til.

Í grunnskólum eru almennt margir inngangar og eru flestir þeirra opnir allan daginn án þess að sérstök gæsla sé við þá. Fjórðungur skólanna takmarkar þó aðgengi að skólanum eftir upphaf skóladags. Langflestir skólanna hafa það sem reglu að starfsfólk eigi að gefa sig að ókunnugum og beina þeim að skrifstofu eða fylgja til þess starfsmann sem viðkomandi á erindi við. Næstum allir auðkenna starfsfólk í útivist á skólalóðum. Í örfáum skólum var starfsfólk með auðkenni innandyra en þá yfirleitt eingöngu í upphafi skólaárs. Margir sem svöruðu vilja takmarka aðgengi að byggingum yfir

skóladaginn, einfalda eftirlit og bæta úr merkingum. Tæplega helmingur grunnskóla var með öryggismyndavélar, einkum tengdar inngöngum. Sumar þeirra eru komnar til ára sinna. Í könnuninni kom fram að flestir skólastjórnanna vilja úrbætur og fagna samræmdum viðmiðum, þeir vilja að skerpt sé á verkferlum og að sett séu upp öryggismyndavélakerfi. Allir skólastjórnar sem svöruðu og eru með öryggismyndavélar tilgreindu að öryggismyndavélar hefðu fælingarmátt, gerðu gagn við úrlausn mála og hefðu dregið úr skemmdarverkum og þjófnum.

Leikskólar - Í spurningum til leikskóla var meðal annars spurt hversu margir inngangar í leikskólanum væru opnir og hverjir hefðu aðgang að hvaða inngangi og hvenær dagsins. Þá var spurt um verklag leikskólans ef ókunnugur aðili væri á lóð eða inni í leikskóla og um auðkenningu starfsfólks á lóð og innan leikskólans. Einnig var spurt um öryggismyndavélar og hvort stjórnandi myndi vilja breyta einhverju í tengslum við öryggismál.

Samkvæmt svörum stjórnenda eru í flestum leikskólum einn til þrjú inngangar opnir öllum allan opnunartímann. Mismunandi er hvort inngangarnir eru af gangstíg eða götu eða inn úr garði leikskólans. Í nokkrum leikskólum er þegar farið að aðgangsstýra inngöngum sem liggja þannig að auðvelt er að fara inn um þá. Fram kom að starfsfólk leikskóla er almennt meðvitað um þann verkferil að gefa sig að ókunnugum sem kemur inn á leikskólalóðina og spyrja erinda. Starfsmenn er almennt ekki merktir við störf. Einstaka skólar eru þó með merktu útigalla eða vesti og fyrst á haustin, þegar aðlögun er í gangi, merkja sumir starfsfólk. Aðeins einn leikskóli sem svaraði er með öryggismyndavél og var hún nýlega komin. Skemmdarverk við leikskólann hættu með öllu eftir uppsetningu hennar. Þrjú leikskólastjórnar nefndur að öryggismyndavélar í nágrenninu, t.d. við grunnskóla hefðu nýst við að upplýsa um íkveikju. Flestir vilja gera bót á öryggismálum t.d. með öryggismyndavélum, talnalásnum á útidyr, dyrabjólum og sumir nefndu sameiginlegan verkferli skóla- og frístundasvið um öryggismál.

Frístundastarf – Í spurningum til frístundastarfs var spurt hvernig aðgangsstýringu væri háttað á frístundaheimilum og í félagsmiðstöðvum og um verklag og viðmið um aðgengi. Einnig var spurt um auðkenningu starfsfólks innan dýra og utan. Þá var spurt um öryggismyndavélar og þörf fyrir breytingar í öryggismálum.

Í frístundastarfinu er lögð mikil áhersla á útivist og leiki og þá er starfsmenn alltaf með í för. Starfsfólk þekkir það verklag að vera vakandi fyrir umferð ókunnugra og spyrja þá um erindi. Börn eru skráð þegar þau koma og þegar þau fara. Öryggis er einnig gætt þegar aðrir en foreldrar sækja barnið. Í sértæku frístundastarfi eru strangari aðgangsstýringar með lokuðum hliðum og vel er fylgst með útgönguleiðum. Starfsmenn eru víðast hvar í merktum fatnaði úti við, vestum eða peysum. Starfsfólk er með starfsmannaskírteini í hálsbandi á mörgum frístundaheimilum og í sértæku frístundastarfi. Öryggismyndavélar eru í einstaka félagsmiðstöð og frístundaheimili. Hvað snertir þörf fyrir breytingar þá telja stjórnendur mikilvægt að yfirfara verkferla með starfsfólki varðandi aðgengi og móttöku ókunnugra. Mikilvægt er að starfsfólk sé merkt og einnig var nefnt að of mikil öryggisgæsla gæti virkað fráhrindandi.

Auk ofangreinds gerði frístundahluti fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs könnun á stöðu öryggisbúnaðar í frístundastarfi á vorönn 2020 með það í huga að hafa nákvæma yfirsýn yfir stöðu mála til að nýta í framtíðarvinnu. Sjá fylgiskjal 12.

Tillögur um aðgerðir sem aukið geta öryggi í skóla- og frístundastarfi

Við gerð tillagnanna starfshópsins er horft til niðurstaðna úr könnun sem lögð var fyrir stjórnendur í skóla- og frístundastarfi haustið 2019 og til þess verklags og þeirra viðmiða og leiðbeininga sem til eru nú þegar um öryggi barna í starfseminni. Hópurinn gerði lista yfir hagsmunaaðila og vann tillögurnar með neðangreinda hópa í huga eftir því sem við átti.

Hagsmunaaðilar:

- Börn í skóla- og frístundastarfi borgarinnar
- Starfsfólk í skóla- og frístundastarfi borgarinnar
- Foreldrar ofangreindra barna
- Reykjavíkurborg, sem eigandi húsnæðis og lóðar
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkuborgar sem rekstraraðili
- Notendur húsnæðis utan þjónustutíma starfsstaðar
- Samstarfsaðilar í grenndarsamfélaginu
- Nágrannar

Viðmið og verklagsreglur

Útbúin hafa verið viðmið fyrir leikskóla (fskj. 5), grunnskóla (fskj. 6) og frístundastarf (fskj. 7). Í viðmiðunum er lagt til að starfsstaðir setji sér eigið verklag til að bæta og viðhalda öryggi á sínum vinnustað þar sem þeir ákveða hvernig þeir t.d. háttá auðkenningu starfsmanna, daglegum öryggisatriðum, viðveruskráningu barna og kynningum og upplýsingagjöf til barna, foreldra og starfsfólks.

Mikilvægt er að huga að því að komur og brottfarir barna í leikskóla og frístundastarfi séu alltaf skráðar til að tryggja öryggi barnanna. Þessi háttur er víðast hafður á en fyrirkomulag skráningar er mismunandi. Öll börn eru lesin upp þegar þau mæta í grunnskóla og þannig ávallt ljóst hvort þau hafi skilað sér eða ekki og ef skóla hefur ekki borist tilkynning um fjarveru barns t.d. vegna veikinda og barnið er ekki mætti í skóla er haft samband við foreldra.

Viðmiðin taka eingöngu á þáttum sem ekki er að finna í leiðbeiningarefni sem nú þegar er til staðar í handbókum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem gefnar voru út árið 2014 og uppfærðar síðast í mars 2018. Þetta eru [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#) og [Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum](#). Þar er farið ítarlega í fjölmörg atriði er varða öryggi í leik- og grunnskólastarfi og viðbrögð við ýmiss konar vá. Í framangreindum viðmiðum er vísað til þessara handbóka og mælst er til þess að grunnskólahandbókin sé einnig nýtt eftir því sem kostur er í frístundastarfi, en ekki hefur verið gerð sambærileg handbók fyrir þá starfsemi.

Upplýsingaefni og fræðsla um öryggismál

Mennta- og menningarmálaráðuneyti sendi í nóvember 2019, bréf til allra grunn- og framhaldsskóla með [leiðbeinandi viðmiðum](#) um forvarnarfræðslu í skólum og hvatningu þess efnis að skólar fari vel yfir öryggisferla og viðbragðsáætlanir sínar. Bréf þetta var sent í kjölfar umræðna um öryggismál í skólum og ályktunar stjórnar og starfsfólks samtakanna Heimilis og skóla. Jafnframt kynnti ráðuneytið að það hefði í huga að senda rafræna könnun til skólanna til þess að meta frekari viðbrögð og mögulega þörf á aðgerðum. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu um miðjan febrúar 2020 hafði dregist að senda þá könnun af stað, en það er enn fyrirhugað.

Upplýsingar um öryggismál á vefsíðum starfsstaða. Við lauslega könnun á vefsíðum starfsstaða skóla- og frístundasviðs kemur í ljós að oft er ekki greiður aðgangur að efni um öryggismál. Stundum

er ekkert um öryggismál. Fræðsla eða upplýsingargjöf um áætlanir tengdar öryggi eru mismunandi á milli starfsstaða og mætti setja hana fram með markvissari og aðgengilegri hætti. Það væri til bóta ef allt efni tengt öryggi í starfsemi væri aðgengilegt á einum stað á vefsíðum hvers starfsstaðar, t.d. undir yfirskriftinni *Öryggi í skóla- og frístundastarfi*. Þar undir gæti t.d. verið vísun í ýmiss konar fræðsluefni og aðgengi að ýmsum öryggishandbókum og áætlunum, t.d. rýmingaráætlun, eineltisáætlun, forvarnaáætlun, handbókum, vefsvæðum og verkefnum. Má þar sem dæmi nefna *Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum/leikskólum* og verkefnið *Opinskátt um ofbeldi*. Einnig væri hægt að vísa þarna í ýmiss konar fræðsluefni sem stuðlar að öryggi. Sjá nokkrar hugmyndir að efni sem gæti verið á framangreindum stað inni á vefsvæðum starfsstaða, í fylgiskjali 8.

Nýting fjölbreyttrar flóru fræðsluefnis sem er til. Mælt er með því að stjórnendur og annað starfsfólk kynni sér þær fjölmörgu leiðir og fræðslutilboð fyrir börn og starfsfólk sem hægt er að nýta til að stuðla að auknu öryggi. Má þar sem dæmi nefna verkefnið [Opinskátt um ofbeldi](#) sem ætlað er að auka þekkingu barna á ofbeldi og gera þau fær um að ræða það opinskátt og taka afstöðu og [Vinsamlegt samfélag](#) sem vinnur að því að skapa samfélag sem einkennist af virðingu, samkennd og ábyrgð. Einnig er að finna mikinn fjölda „verkfæra“ í [Verkfærakistu Menntastefnu Reykjavíkurborgar](#), þar sem hægt er að nota síur til að velja fræðsluefni eftir áhersluþætti, fyrir tiltekna aldurshópa og eftir tegund.

Kostnaður

Hér er ekki gert ráð fyrir kostnaði sem neinu nemur. Innsetning tenglasíðu um öryggismál á vefsíðu starfsstaðar tekur ekki langan tíma og eftir það þarf einungis að uppfæra upplýsingar samhliða almennum uppfærslum á síðunni. Fræðsluefni um ýmis öryggismál er nú þegar til og spurningin er fyrst og fremst að nýta það betur.

Auðkenningar, merkingar og aðgengi

Mælt er til þess að starfsfólk sé auðkennt, t.d. með auðkenniskorti. Hægt er að útbúa „heimatilbúin“ kort með tiltölulega litlum tilkostnaði. Einnig er mælt með því að gestir sér merktir, þ.e. að þeir fái gestakort til að hafa í hálsbandi þegar þeir eru í heimsókn og skili því við brottför. Þetta á kannski sérstaklega við um stærri starfsstaði eins og grunnskóla og stóra leikskóla og frístundaheimili, en getur jafnvel alveg átt við um minni staði líka. Með þessu móti verður augljósara fyrir börn og starfsfólk, hver er gestur og hver starfsmaður.

Að auki er mælt með því að starfsfólk sé auðþekkjanlegt í útveru starfsstaða, það sé t.d. í skærlitum vestum eða fatnaði sem auðkennir það. Bæði auðveldar það börnum að finna starfsfólkið ef á þarf að halda og einnig að greina það frá ókunnugum sem gætu átt leið um lóðina.

Bæta má verulega úr merkingum við starfsstaði. Mikilvægt er að aðalinngangar séu merktir sem slíkir og á það sérstaklega við grunnskóla. Í sumum grunnskólum eru margir inngangar inn í skólann og eru þeir jafnvel allir opnir yfir starfstíma skólans. Þetta fyrirkomulag býður upp á að hver sem er geti komið inn í skólann á skólatíma og farið um hann án afskipta og jafnvel tekið hluti ófrjálsri hendi eða áreitt börn eða starfsfólk. Hér mætti huga að því að hafa „aukainnganga“ eingöngu opna þegar þeir eru vaktaðir af starfsfólki og börn eru að fara um þá t.d. við komu og brottför og í tengslum við frímínútur. Einnig er nauðsynlegt að huga að því að þegar komið er inn um aðalinngang skólans sé strax augljóst hvar skrifstofa skólans er. Í könnuninni sem lögð var fyrir stjórnendur um öryggismál kom einnig fram að huga mætti að því að færa skrifstofu skóla nær aðalinngangi. Þá má víða bæta úr merkingum við leikskóla, til dæmis með því að setja heiti deilda á eða við útidyr. Hið sama má segja um frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem oft eru lítið eða ekkert merkt.

Kostnaður

Kostnaður við gerð auðkenniskorta þarf ekki að vera mikill ef um er að ræða „heimagerð“ spjöld sem sett eru í [plastvasa með nælu/klemmu/hálsbandi](#), innan við 500 kr. á hvern starfsmann. Sjá dæmi um uppsetningu aðgangskorts í tölvu ((fsk. 11). Einnig er hægt að fara dýrari leiðir og láta útbúa fyrir sig starfsmannaskírteini hjá ýmsum prentþjónustum sem og öryggisfyrirtækjum og þá jafnvel með aðgangsstýringu sem eru mun dýrari lausnir.

Kostnaður við auðkennandi fatnað getur að sama skapi verið tiltölulega lítill, t.d. ef keypt eru sýnileikavesti sem fást á mjög breiðu verðbili frá tæplega 1000 kr. og upp í nokkur þúsund kr. Sjá t.d. ([Dynjandi](#)) ([Ellingsen](#)) ([Topplausnir](#)). Sumir starfsstaðir eru með merktan skjólfatnað fyrir starfsfólk sem þjónar þá sama tilgangi.

Merkingar starfsstaða geta verið nokkuð kostnaðarsamar, helst þær sem eru utandyra. Umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar hefur séð um þessar merkingar.

Öryggismyndavélar, lýsing og aðgangsstýring

Allir starfsstaðir sviðsins eru með þjónustu öryggisvöktunarfyrirtækja og er því ekki fjallað sérstaklega um hana hérna.

Öryggismyndavélar eru í tæplega helmingi grunnskóla borgarinnar, í einum leikskóla og ekki á frístundastarfsstöðum, nema þeim sem eru með starfsemi í sömu byggingu og grunnskólar sem eru með öryggismyndavélar.

Ekki eru allir sammála um að uppsetning öryggismyndavéla gagnist sem skyldi og nefnt hefur verið að þær veiti jafnvel falskt öryggi. Einnig eru uppi sjónarmið um að þarna sé orðin of mikil þvingandi vöktun á fólki sem geti bæði verið óþægileg fyrir starfsfólk og börn.

Undanfarið hafa grunnskólar í Reykjavík lýst yfir áhuga á því að taka upp eftirlitsmyndavélar kerfi til að vakta húsnæði skólanna í öryggis- og eignarvörslutilgangi. Dæmi eru um að uppákomur í skólastarfi og umfang eignarspjalla hafa valdið því að skólayfirvöld og foreldrar í skólanum hafa óskað eftir því að myndavélar séu settar upp. Ef marka má orð skólastjóra grunnskóla í borginni í könnuninni sem gerð var haustið 2019 þá telja allir sem eru með öryggismyndavélar að þær hafi töluverðan fælingarmátt og hafi gagnast við úrlausn mála og dregið úr skemmdarverkum, þjófnaði og annarri óæskilegri hegðun við tilkomu þeirra.

Þess má geta að nokkrir grunnskólar eru nú þegar með nýlegan öryggismyndavélabúnað uppsettann hjá sér, einhverjir eru með gamlan, úreltan búnað og margir með engan. Nokkrir leikskólar eru með vélar utandyra sem settar hafa verið upp fyrst og fremst til að fyrirbyggja skemmdarverk. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar eru almennt ekki með öryggismyndavélar, nema þær sem eru staðsettar í grunnskóla sem er með myndarvélar.

Hópurinn mælir með því að settar verði upp öryggismyndavélar við þá starfsstaði sem þörf er talin vera fyrir þær og hægt er að koma því við. Vélararnar verði eingöngu utandyra við leikskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar en bæði innan dyra og utan í grunnskólum. Mikilvægt er að umræða fari fram á hverjum starfsstað um kosti og galla þess að setja upp öryggismyndavélar og að almenn sátt ríki um uppsetningu þeirra áður en hafist er handa. Kostir og gallar geta falið í sér sjónarmið um kostnað, tæknileg atriði og mat á áhrifum á persónuvernd, sbr. umfjöllun hér að neðan. Við mat á slíkum atriðum er mikilvægt að leita álits lögfræðinga skóla- og frístundasviðs og upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar (UTR).

Öryggismyndavélar

Starfshópurinn leggur til að settar verði upp öryggismyndavélar við starfsstaði SFS þar sem þörf er talin fyrir búnaðinn og því verður við komið. Ljóst er að öryggismyndavélar geta aukið öryggi barna og starfsfólks fyrst og fremst með því að hafa ákveðinn fælingarmátt fyrir óviðkomandi mannaferðir á þessum starfsstöðum og einnig þegar kemur að skemmdarverkum og þjófnaði.

Rökin fyrir mikilvægi þessa felast fyrst og fremst í því að á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs er mikilvægt að fyllsta öryggis sé gætt enda dvelja börn þar ýmist af lagalegri skyldu (sbr. 3. grein í [Lögum um grunnskóla nr. 91/2008](#)) eða nauðsyn (nauðsynlegt er fyrir flesta foreldra að stunda atvinnu) stóran hluta dagsins í umsjá annarra en foreldra sinna. Foreldrar hafa því yfirleitt ekki annarra kosta vöð en að láta börn sín sækja þjónustu leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs. Uppeldislegt gild þess að bregðast með framangreindum hætti við óæskilegri hegðun, er ekki síður mikilvægt, því það að reyna að fyrirbyggja skemmdarverka og aðra óæskilega hegðun sendir skilaboð um að slík hegðun sé ekki samþykkt á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Samkvæmt svörum grunnskólastjóra sem hafa reynslu af öryggismyndavélum er þeirra reynsla að þær hafi greinilegan fælingarmátt og að þar sem þær eru settar upp dragi mjög úr skemmdarverkum, t.d. rúðubrotum, veggjakroti og innbrotum. Eða eins og einn skólastjóri í borginni orðaði reynslu sína af öryggismyndavélum í könnun sem gerð var haustið 2019:

„Mjög jákvæð. Þær leysa ekki allan vanda en hafa sannarlega komið að góðum notum til að varna fjárhagstjóni en ekki síður til í uppeldislegum tilgangi því það getur verið óhemju dýrmætt að geta stigið þétt niður fæti þegar einstaklingar byrja að sýna brotahegðun.“

Síðast enn ekki síst bendir allt til þess að bætt öryggisgæsla leiði til fjárhagslegs sparnaðar.

Samkvæmt þessu má leiða að því líkum að á tiltölulega stuttum tíma geti kostnaður vegna öryggisbúnaðar borgað sig fljótt upp. Framangreindu til stuðnings er eftirfarandi dæmi um umfang skemmdarverka og annarra óæskilegra atvika í einum grunnskóla borgarinnar (birt með leyfi viðkomandi skólastjóra):

Mikið hefur verið um rúðubrot og krot á skólabygginguna undanfarin ár. Í tvígang á síðasta ári hefur verið kveikt í rusli við skólann og litlu mátti muna að eldur bærist í skólabygginguna. Fjórum sinnum hefur verið reynt að kveikja í á árinu, tvisvar var flugeldum troðið inn loftræstiop, í eitt skiptið sprakk rúða og litlu munaði að eldur næði inn í sal skólans.

Á síðustu 12 mánuðum hafa stjórnendur fjórum sinnum fengið fréttir af einstaklingum sem komu í skólann til að leita uppi unglunga sem þeir áttu sökótt við. Í tveimur tilfellum þurfti að kalla til lögreglu. Á sama tímabili hafa 6 þör af strigaskóm verið tekin úr skógeymslu unglunga og 3 þör af inniskóm sem nemendur og starfsmenn hafa átt og geymd eru á sama stað.


Alls hafa 73 rúður verið brotnar á 12 mánaða tímabili víðsvegar um húsnæði skólans. Hætta getur skapast af glerbrotum sem liggja á skólalóðinni eftir ítrekuð rúðubrot. Griðarlegur kostnaður fer í að hreinsa upp glerbrot og skipta um rúður í skólanum.

Kostnaður vegna rúðubrota

Verulegur kostnaður er af skemmdarverkum af ýmsu tagi á byggingum skóla- og frístundasviðs. Hér fyrir neðan er tafla með samantekt á kostnaði vegna viðgerða á rúðum í grunnskólum Reykjavíkurborgar ár hvert. Þessar upplýsingar eru byggðar á samantekt á reikningum vegna viðgerða í grunnskólum borgarinnar frá verktökum sem voru með samning um glerskipti og reikningum frá glersala á árunum 2016-2019:

Ár	Upphæð í kr.
2016	9.771.145
2017	13.068.232
2018	15.259.712
2019	12.023.558
Samtals	50.122.647

Kostnaður vegna rúðubrota er afar mismunandi á milli skóla, allt frá því að vera enginn á ári og upp í að nema rúmum 2 millj. kr. á einu ári. Í sumum skólum er kostnaður vegna rúðubrota almennt lítill en nokkuð breytilegur á milli ára. Í öðrum hefur hann minnkað nokkuð á síðustu árum og vekur athygli að dæmi eru um að hann hafi minnkað mikið í skólum sem hafa sett upp öryggismyndavélakerfi, sjá mynd hér fyrir neðan.



Í tveimur skólum hefur kostnaður fjórfaldast vegna rúðubrota á fjögurra ára tímabili. Í átta grunnskólum borgarinnar nemur kostnaður vegna rúðubrota meira en 2 millj. kr. á fjögurra ára tímabili. Þar skera þrír skólar sig úr þar sem kostnaður er hæstur vegna rúðubrota og nemur hann samtals 3,2 millj. kr. í einum skóla, 3,9 millj. kr. í öðrum og 5,2 millj. kr. í þeim þriðja á fyrrgreindu fjögurra ára tímabili. Þessir þrír skólar eiga það sameiginlegt að vera ekki með öryggismyndavélakerfi.

Það skal tekið fram að þegar talað er um viðgerðarkostnað er ekki um að ræða almennt viðhald á gluggum heldur ófyrirséð tjón sem í flestum tilfellum verður vegna skemmdarverka. Hér er ekki talinn með kostnaður vegna viðgerða á öðru en rúðum/gluggum t.d. lagfæringa vegna veggjakrots eða eyðileggingar á ýmsum munum, tækjum og tólum.

Persónuvernd

Mikilvægt er að starfsstaðir hugi að persónuvernd áður en endanleg ákvörðun er tekin um uppsetningu öryggismyndavéla. Samkvæmt [auglýsingu Persónuverndar nr. 828/2019 um skrá yfir vinnsluáðgerðir sem krefjast ávallt mats á áhrifum á persónuvernd](#) er uppsetning öryggismyndavéla á skólalóð dæmi um slíka vinnsluáðgerð.

Lögfræðipjónusta skóla- og frístundasviðs hefur sett saman upplýsingablað vegna notkunar eftirlitsmyndavéla í grunnskólum (fskj. 10) og var það sent öllum skólastjórum í grunnskólum

Reykjavíkurborgar í desember 2019. Samkvæmt upplýsingum frá lögfræðipjónustunni gilda sömu tilmæli um leikskóla og frístundastarf. Þar er vísað í leiðbeiningabækling Persónuverndar [Rafræn vöktun - hversu langt er heimilt að ganga?](#) þar sem segir meðal annars að eftirlitsmyndavélar skuli settar upp í skýrum, yfirlýstum og málefnalegum tilgangi t.d. í öryggis- og eignavörslutilgangi. Einnig er áréttuð nauðsyn þess að starfsmenn og foreldrar/börn fái tilkynningu og fræðslu um allar myndavélar, sem komið hefur verið fyrir á starfsstaðnum. Þar komi fram hver sé tilgangur vöktunarinnar, hverjir hafi eða kunni að fá aðgang að upplýsingum sem safnast og hversu lengi upplýsingarnar verði varðveittar. Lögfræðingar skóla- og frístundasviðs geta veitt aðstoð við slíka fræðslu Jafnframt skal vekja athygli á tilvist myndavéla með sérstöku merki/skilti. Með þessum hætti verður talið að starfsstaðurinn hafi fullnægt fræðslu- og upplýsingaskilyrði. Persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar mun vera að vinna að verklagsreglum vegna vinnslu myndefnis úr öryggismyndavélum en mikilvægt er að fylgja ströngum kröfum um skoðun og meðferð myndefnis sem verður til með notkun öryggismyndavéla.

Hver og einn starfsstaður sem hefur í huga að setja upp öryggismyndavélar þarf fyrst að fara í mat á áhrifum á persónuvernd. Lögfræðipjónusta skóla- og frístundasviðs veitir nánari upplýsingar um matið. Í matinu þarf starfsstaður meðal annars að tilgreina ákvörðun um framkvæmd mats, setja fram lýsingu á vinnsluaðgerðum, lýsa fyrirkomulagi fræðslu og samráði við hagsmunaaðila. Til að tryggja öryggi þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem uppsetning eftirlitsmyndavélakerfa hefur í för með sér þarf hver starfsstaður að gæta þess að velja kerfi sem uppfyllir öryggisskilyrði upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar (UTR).

Kostnaður vegna öryggismyndavéla

Til þess að hafa einhverja innsýn í hvaða öryggisbúnaður myndi henta í skóla- og frístundastarfi og fá grófa mynd af kostnaði við uppsetningu og viðhald slíks búnaðar fékk starfshópurinn kynningu hjá Öryggismiðstöðinni. Kynningin var um öryggismyndavélar, búnaðinn sem í boði er og einnig voru veittar leiðbeiningar um lágmarksbúnað sem áætla má að þurfi fyrir ólíkar stofnanir. Þá fékk starfshópurinn svör við ýmsum spurningum um mismunandi kostnaðarliði.

Öryggismiðstöðin setti fram tvenns konar tilboð með mismunandi búnaði og fékk starfshópurinn í hendur excel skjal með reikniformúlum þannig að hægt er að setja inn mismunandi upplýsingar til að kanna hversu mikið muni kosta að setja upp öryggismyndavélar ásamt öllum búnaði á starfsstöðum með ólíkar þarfir, miðað við þann búnað sem þetta tiltekna fyrirtæki er með í boði.

Starfshópurinn setur hér fram dæmi um meðaltalskostnað í grunnskólum annars vegar og leikskólum/frístundaheimilum/félagsmiðstöðvum hins vegar, út frá tilboði 1 frá Öryggismiðstöðinni, tilboð 2 er í við hærra sem helgast yrst og fremst af dýrari tegundum myndavéla og annars búnaðar:

- **Meðaltalsverð fyrir grunnskóla:** um 2 m. kr. og er þá gert ráð fyrir 18 vélum utan dyra og 6 inni. myndþjónum, hörðum diskum, uppsetningu búnaðar, lagnavinnu, sérstillingu og fræðslu.
- **Meðaltalsverð fyrir leikskóla/frístundaheimili/félagsmiðstöð:** um 600 þ. kr. og er þá gert ráð fyrir 4 myndavélum utandyra, myndþjónum, hörðum diskum, uppsetningu búnaðar, lagnavinnu, sérstillingu og fræðslu.

Sjá nánar í fylgiskjali 9.

Í þeim tilfellum þar sem frístundaheimili/félagsmiðstöðvar deila húsnæði með grunnskólum getur verið að búnaður grunnskólans nýtist þeim líka og þá munu þau væntanlega taka þátt í einhverjum hluta kostnaðar með tilteknum skóla.

Það skal áréttað að þarna er um að ræða kostnaðaráætlun og tillögur að búnaði frá einum aðila. Ef kaup á öryggismyndavélum fyrir marga starfsstaði í einu, færu í útboð gætu upphæðir lækkað. Einn möguleiki er að bjóða eingöngu út búnaðinn en láta þjónustuaðila bygginganna á vegum borgarinnar sjá um tengingar og lagnavinnu. Skoða þarf þjónustusamninga til frambúðar við kerfin og gera þá að hluta útboðsins í tiltekinn árafjölda.

Lýsing og aðgangsstýring

Lýsing: Mikilvægt er að góð lýsing sé til staðar umhverfis starfsstaði en í handbókum mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru sérstakir kaflar um lýsingu:

Í kringum leikskóla og á öllum leiðum að leikskóla, hvort heldur er frá bílastæði, gönguleið eða hjólastígum þarf lýsing að vera jöfn, heildstæð og kröftug en ekki blindandi. Lýsing þarf að taka mið af öllum notendum. Samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987 skal birta á umferðarleiðum bygginga og lóða vera nægjanleg til að allir aldurshópar geti athafnað sig óhindrað og af fullu öryggi. Þar sem gert er ráð fyrir umgengni almennings ætti að taka tillit til heildaráhrifa þannig að tryggt sé að hvergi verði staðbundin, ófullnægjandi birtuskilyrði sem skapað geta slyshættu. Mikilvægt er að skipta um bilaðar perur strax og lagfæra ljós sem hafa bilað.

(Kafli 5.5.1 í Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014)

Í kringum skóla og á öllum leiðum að skóla, hvort heldur er frá bílastæði, gönguleið eða hjólastígum, þarf lýsing að vera jöfn, heildstæð og kröftug en ekki blindandi. Lýsing þarf að taka mið af öllum notendum. Æskilegt er að birta á umferðarleiðum milli bygginga og lóða vera nægjanleg til að allir aldurshópar geti athafnað sig óhindrað og af fullu öryggi. Þar sem gert er ráð fyrir umgengni almennings ætti að taka tillit til heildaráhrifa þannig að tryggt sé að hvergi verði staðbundin, ófullnægjandi birtuskilyrði sem skapað geti slyshættu. Skipta þarf strax um perur og lagfæra ljós sem bila.

(Kafli 5.5.2 í Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014)

Þessu til viðbótar mælir starfshópurinn með því að skoðaðir verði möguleikar á að setja víðar upp ljós við starfsstaði t.d. ljós með skynjurum, sem kvikna þegar þau skynja hreyfingu. Þessi ljós geta haft fælingarmátt t.d. á kvöldin og um helgar þegar umgangur er í kringum byggingar í skjóli myrkurs. Nokkuð hefur verið um að merki hafi sést um neyslu fíkniefna á lóðum leik- og grunnskóla.

Aðgangsstýring: Slíkur búnaður getur hentað þar sem t.d. leikskólar eru í alfaraleið og auðvelt er að koma inn í af götunni, t.d. í Miðborginni. Í leikskóla sem er með þannig búnað þarf að stimpla inn aðgangskóða til að komast inn í leikskólann. Nokkrir leikskólar borgarinnar eru með aðgangsstýringu á inngöngum.

Kostnaður

Hópurinn fór ekki í að kanna kostnað vegna skynjaraljósa og aðgangsstýringar enda getur hann spannað stórt bil og verið mjög breytilegur. Skynjaraljós fást í dag á hagstæðu verði víða og væntanlega myndu fáir starfsstaðir nýta sér aðgangsstýringarbúnað og þá leita tilboða hjá aðilum sem selja slíkan búnað

Samráð

Í vinnu starfshópsins var haft samráð við ýmsa aðila. Viðmið fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundastarf voru borin undir samráð stjórnenda í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi og einnig undir sérfræðinga á fagskrifstofu. Leitað var til Öryggismiðstöðvarinnar vegna kostnaðaráætlunar í tengslum við öryggismyndavélar. Lögfræðingar sviðsins veittu ráðgjöf í tengslum

við persónuverndarkafli. Umsjónarmaður fasteigna í Breiðholti veitti aðstoð vegna upplýsinga um kostnað vegna skemmdarverka á byggingum sem tilheyra skóla- og frístundasviði. Leitað var til mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna vinnu sem ráðuneytið hugðist fara í vegna öryggismála í skólum, með samstarf í huga, en sú vinna að hálfu ráðuneytisins fór ekki af stað á starfstíma hópsins. Lokadrög skýrslunnar voru send til öryggissérfræðinga borgarinnar og ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar og þessum aðilum gefinn kostur á að koma með umsögn sjá umsagnir þessara aðila í fylgiskjölum 13 og 14.

Samantekt

Hér hafa verið lagðar til nokkrar leiðir til að auka öryggi í skóla- og frístundastarfi. Sumar þeirra kosta lítið sem ekkert en kalla fyrst og fremst á breytingar í verklagi. Aðrar krefjast töluverðrar vinnu og yfirlegu og enn aðrar kosta að auki nokkra fjármuni.

Mælst er til þess að allir starfsstaðir nýti sér viðmiðin sem lögð eru fram í þessari skýrslu og geri sínar verklagsreglur um innra öryggi í daglegu starfi. Hægt er að gera töluverðar umbætur í upplýsingagjöf með því að vera með efni á vefsvæðum og kynningarfundum og einnig í fræðslu um öryggismál.

Þá er mælt með því að allir starfsstaðir gangi í að allt starfsfólk sé með auðkenniskort á vinnutíma. Einnig er mælt með aukningu starfsfólks utandyra, t.d. sýnileikavestum. Merkingar innan húsnæðis má víða bæta með litlum tilkostnaði. Merkingar utandyra kosta töluvert en þær eru mikilvægar til þess að koma í veg fyrir að fólk sem þekkir ekki til noti aðra innganga og þurfi að fara um alla bygginguna til að finna t.d. skrifstofuna, umsjónarmann eða eldhúsið. Lokun aukainnganga utan háannatíma krefst fyrst og fremst skipulags og breytinga á verklagi.

Starfshópurinn leggur að lokum til að settar verði upp öryggismyndavélar við starfsstaði sviðsins þar sem þörf er talin fyrir slíkan búnað vegna ítrekaðra skemmdarverka eða ágangs óviðkomandi aðila svo framarlega sem því verður við komið. Einnig er lagt til að lýsing verði bætt t.d. með skynjaraljósum þar sem þörf er talin fyrir þau, t.d. vegna fíkniefnaneyslu í skjóli myrkurs við leikskóla og grunnskóla.

Fylgiskjöl

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að setja af stað starfshóp sem hafi það verkefni að móta tillögur til að auka öryggi barna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Starfshópurinn skoði í vinnu sinni þá öryggisferla sem eru til staðar í dag og geri tillögu að samræmdum ferlum. Kannaðir verði m.a. kostir þess að nýta öryggismyndavélar í auknum mæli við starfsstöðvar, merkingar starfsfólks og hafa strangari aðgangsstýringar. Jafnframt verði skoðaður þáttur forvarna og fræðslu varðandi öryggismál til barna, ungmenna og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi. Starfshópurinn hafi samráð við Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar í vinnu sinni. Tillögur starfshóps verði lagðar fyrir skóla- og frístundaráð eigi síðar en 1. febrúar 2020.

Greinargerð:

Könnuð hefur verið staða öryggismála hjá starfseiningum skóla- og frístundasviðs og er gerð grein fyrir henni í meðfylgjandi minnisblaði. Stjórnendur leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs hafa lagt fram ýmsar tillögur til úrbóta til að auka öryggi barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Lagt er til að starfshópurinn nýti þær upplýsingar og tillögur í starfi sínu auk annarra upplýsinga sem hópurinn aflar í starfi sínu t.d. um þátt forvarna og fræðslu varðandi öryggismál barna, ungmenna og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi. Starfshópurinn skal hafa samráð við Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar en hjá henni er vettvangur samráðs borgarfulltrúa og sérfræðinga á sviði ofbeldisvarna og er nefndin virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Ofbeldisvarnarnefnd er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðlar með viðfangsefnum sínum, ráðgjöf og tillögum að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi. Í vinnu sinni skal starfshópurinn tryggja að tillögurnar séu í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga, önnur lög sem varða starfsemi skóla- og frístundasviðs og stefnur borgarinnar. Lögð er áhersla á að starfshópurinn skili kostnaðarmetnum tillögum til skóla- og frístundaráðs eigi síðar en 1. febrúar 2020. Hópnum verði heimilt að skila tillögum um einstök atriði fyrir ef þörf verður talin á því.

Fylgiskjal 2

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 24. september 2019:

Lagt er til að eftirlit við grunn- og leikskóla í borginni verði endurskoðað sem og allir öryggisferlar. Starfsmenn og kennarar auðkenni sig t.d. með nafnspjaldi eins og þekkist víða í stofnunum og fyrirtækjum til að tryggja betur öryggi nemenda. Skóla- og frístundasviði yrði falin útfærsla þessara auðkenna. Þá er lagt til að kannaðir verði kostir þess að koma upp öryggismyndavélum við skólana og að þeim skólum sem þess óska standi slíkur búnaður til boða.

Greinargerð:

Í ljósi alvarlegs atkvíks þar sem utanaðkomandi aðili fór inn í Austurbæjarskóla á miðjum skóladegi nýverið og hafði afskipti af barni og lokkaði það til sín er brýnt að leitað verði leiða til að tryggja betur öryggi skólabarna hvort heldur sem er í skólahúsnæðinu eða á skólalóðinni. Öryggismyndavélar eru við innganga og skólalóð sumra skóla sem þegar hafa sannað gildi sitt. Mikilvægt er að skólum standi slíkur búnaður til boða og þeir hvattir til að nýta sér hann.



Reykjavík, 3. október 2019
SFS2019020277
172. fundur
HG/sp/img/sv

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samantekt varðandi öryggismál í skóla- og frístundastarfi

Grunnskólar:

Eftirfarandi spurningar voru sendur til grunnskóla í lok september 2019.

- 1. Hvernig er aðgangsstýringu háttað í skólanum ykkar (hverjir hafa aðgang að hvaða inngangi og hvenær)?*
- 2. Hvernig verklag og viðmið er um aðgengi að skólanum (hvað gerir starfsfólk ef það sér ókunnugan á lóð/i skóla. Á fólk að t.d. tilkynna sig á skrifstofu og fær leiðbeiningar um slíkt við inngang?)?*
- 3. Er starfsfólk og helstu samverkamenn skólans auðkenndir í skóla og á lóð?*
- 4. Hafa upptökur úr öryggismyndavélum nýst við úrlausn mála er varða ókunnuga í skóla/lóð.*
- 5. Hvernig viljið þið breyta öryggismálum í ykkar skóla og hvað þarf til að svo geti orðið?*

Svör bárust frá 33 af 36 skólum.

- Grunnskólar eru almennt með marga innganga þar sem að inngangar nemenda eru oftast tengdir námssvæði og útvistar svæði tiltekinna aldurshópa. Í flestum skólum eru allir þessir inngangar opnir allan skóladaginn án þess að sérstök gæsla sé viðhöfð, enda er ekki svigrúm til þess í starfsmannahaldi. Fjórðungur skólanna takmarkar aðgengi að skólanum eftir upphaf skóladags.
- Í langflestum grunnskólum er það regla að starfsfólk eigi að gefa sig að ókunnugum, beina þeim að skrifstofu eða fylgja til þess starfsmanns sem viðkomandi á erindi við. Þá er algennt að öllum komum foreldra í grunnskóla á skólatíma sé beint til skrifstofu.
- Í nær öllum grunnskólum er það starfsfólk sem sinnir gæslu í útvist/frímínútum auðkennt með sérstökum fatnaði eða áberandi vestum. Í örfáum skólum er starfsfólk með auðkenni og er það þá helst í byrjun skólaárs sem starfsfólk ber merkin á meðan fólk er að kynnast.
- Tæpur helmingur grunnskóla er með öryggismyndavélar, þá einkum tengt inngöngum. Engin gæsla er á vélunum og mörg kerfin komin til ára sinna. Allir skólastjórar tilgreina að þær hafi fælingarmátt og hafi gagnast við úrlausn mála og dregið úr skemmdarverkum, þjófnaði og fleiru við tilkomu þeirra, jafnt frá ókunnugum og einstaklingum úr skólasamfélaginu.

5. Flestir skólustjórar vilja úrbætur og fagna samræmdum viðmiðum. Flestir tilgreina að skerpa þurfi á verkferlum og setja þurfi upp öryggismyndavélakerfi. Margir vilja takmarka aðgengi yfir skóladaginn í ríkara mæli til að einfalda eftirlit og eins að merkja betur hvert fólk eigi að snúa sér og setja upp leiðarvísa að skrifstofu. Nokkrir tilgreina atriði eins og frekari lokun lóðar, setja upp dyrásíma, færa skrifstofu nær inngangi og fá betri lýsingu á lóð.

Leikskólar:

Eftirfarandi spurningar var sendur til leikskólustjóra í lok september 2019:

1. *Hvað eru margir inngangar í leikskólanum sem eru opnir?*
2. *Hverjir hafa aðgang að hvaða inngangi og hvenær dags?*
3. *Hvernig er verklag ef ókunnugur aðili er á lóð/inn í leikskólanum?*
4. *Er starfsfólk auðkennt á leikskólalóð?*
5. *Er starfsfólk auðkennt inn í leikskólanum?*
6. *Er öryggismyndavél við leikskólann? ef svo er hafa upptökur nýst við úrlausn mála?*
7. *Vilt þú breyta öryggismálum í þínum leikskóla, ef svo hvað þarf til að svo geti orðið?*

Svör bárust frá 51 af 63 leikskólum.

1. Það er mjög misjafnt hversu margir inngangar í leikskólana eru opnir á daginn. Í nær öllum leikskólunum er 1 til 3 inngangar opnir öllum allan opnunartíma leikskólans. Það er einnig misjafnt hvort þessir inngangar eru staðsettar inn í garði leikskólanna, eða hvort þeir eru af gangstíg eða götu.
2. Í öllum leikskólum er a.m.k. einn inngangur sem allir geta gengið inn um hvort sem þeir eiga erindi í leikskólann eða ekki. Þó er nokkuð misjafnt hversu auðvelt er að fara þar í gegn fyrir aðila sem ekki á erindi í leikskólann. Í nokkrum leikskólum er þegar farið að aðgangsstýra inngöngum sem liggja þannig að auðvelt er að fara inn um þá.
3. Í öllum leikskólum er það svo að þegar ókunnugur aðili kemur inn á lóðina ræða starfsmenn eða stjórnendur við viðkomandi og spyrja erindis. Fram kom að starfsmenn leikskóla eru meðvitaðir um þennan verkferil. Í svörum nokkra leikskólustjóra kemur fram athugasemd um að iðnaðarmenn eru margir hverjir óduglegir við að láta vita af komu sinni og eru í flestum tilfellum ómerktir.
4. Almennt eru starfsmenn ekki merktir á leikskólalóð, en nokkrir eru í útigöllum eða regngöllum merktir leikskólanum, en það á bara við þegar þannig viðrar. Einstaka leikskólar eru með starfsmenn sína í vestum á lóðinni.
5. Starfsmenn eru almennt ekki merktir við störf inn í leikskólum, þó með undantekningum þegar aðlögun nýrra barna stendur yfir á haustin. Í svörum margra stjórnenda kemur fram að mynd af starfsmönnum leikskólanna hanga uppi í fataklefa.
6. Einn leikskóli er með öryggismyndavél og er hún nýkomin. Skemmdir við leikskólann hættu með öllu eftir komu myndavélarinnar. Þrír leikskólustjórar nefndu að myndavélar í nágrenninu, t.d. við grunnskóla, sem hefur nýst við að upplýsa um íkveikjur.
7. Þegar spurt var um hvort leikskólustjórar vilji breyta einhverju í sambandi við öryggismál við leikskólann voru langflestir sem vilja sjá einhverjar breytingar. Flestir vilja öryggismyndavél við leikskólann, talnalaás á hurðar, dyrabjöllur og einhverjir nefndu sameiginlegan verkferil varðandi öryggismál frá SFS. Misjafnt er eftir leikskólum hvað hver telur að hann þurfi og er það umhverfi leikskólans sem ræður mest þar um.

Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar:

Eftirfarandi spurningar voru sendar til frístundamiðstöðva í lok september 2019.

1. *Hvernig er aðgangsstýringu háttað á ykkar frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum?*
2. *Hvernig er verklag og viðmið er um aðgengi að frístundaheimilinu og félagsmiðstöðvunum?*
3. *Er starfsfólk auðkennt í frístundaheimilinu/félagsmiðstöðinni og á lóð?*
4. *Eru einhverjir starfsstaðir með öryggismyndavélar? Hafa upptökur úr þeim hafi nýst við úrlausn mála er varða ókunnuga í frístundaheimili/félagsmiðstöð/lóð?*
5. *Er þörf á að breyta öryggismálum í ykkar starfsstöðum og þá hvernig og hvað þarf til að svo geti orðið?*

Svör bárust frá öllum frístundamiðstöðvum.

1. Í almennum frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum er mikil áhersla lögð á útivist og leiki og því eru börnin mikið á ferðinni en það eru ávallt starfsmenn með í för. Starfsfólki er ætlað að spyrja ókunnuga sem koma inn á starfsstaðina hverjir þeir eru og hvernig þeir geti liðsinnt þessum aðilum sem inn koma, sama á við varðandi umferð á skólalóðum sem nýttar eru af frístundaheimilum á starfstíma frístundaheimilanna.
2. Starfsmenn taka á móti börnunum í frístundaheimilunum þegar skóla lýkur, skrá þau inn og svo aftur út í lok dags þegar þau fara heim eða á íþróttæfingar. Ef aðrir en foreldrar/forráðamenn sækja börn sín í frístundaheimilin þurfa þeir að láta starfsmenn frístundaheimila vita og ef það hefur ekki verið gert er haft samband við foreldra til að tryggja öryggi barnanna.

Í sértækum frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum eru aðgangsstýringar strangari. Þar eru hlið sem eru lokuð og starfsmenn fylgjast vel með útgönguleiðum til að tryggja öryggi barnanna. Flest þeirra barna eru í akstri á vegum ferðaþjónustu fatlaðra varðandi komur og heimferðir úr starfsemi og þar eru allir starfsmenn vel merktir og fylgja sérstökum öryggisreglum.

3. Starfsmenn frístundaheimila eru víðast hvar í merktum fatnaði úti við, vestum eða peysum en í mikilli starfsmannaveltu er stundum erfitt að halda utan um fatnaðinn og því þarf að endurnýja hann reglulega. Í mörgum frístundaheimilunum og sértæka starfinu ganga starfsmenn með starfsmannaskírteini um hálsinn, einnig í félagsmiðstöðvunum. Til stendur að flestir taki upp notkun nafnspjalda/starfsmannaskírteina sem hafa ekki gert það nú þegar.
4. Öryggismyndavélar eru í einstaka frístundaheimili og félagsmiðstöðvum og þar sem þær eru hafa þær haft meira gildi til að upplýsa um skemmdarverk eða innbrot en ferðir ókunnugra á lóð eða í húsnæði frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Nokkrir minntust á að mögulega gætu öryggismyndavélar haft fælingarmátt varðandi óæskilega umferð í kringum frístundaheimili og félagsmiðstöðvar.
5. Varðandi úrbætur þá ætla allir stjórnendur frístundaheimila og félagsmiðstöðva að yfirfara verkferla með starfsmönnum frístundaheimila og félagsmiðstöðva varðandi aðgengi og móttöku á ókunnugum. Það er mikilvægt að fólk upplifi að vel sé tekið á móti þeim í frístundastarfinu og mikil öryggisgæsla getur virkað fráhrindandi og því er mjög mikilvægt að allir séu meðvitadír um að setja sig í samband við ókunnuga sem koma í húsnæði og/eða á lóð frístundastarfsins og bjóði aðstoð sína og spyrji um ferðir viðkomandi. Það er mikilvægt að starfsmenn séu merktir þ.e. í merktum fatnaði eða með nafnspjöld til að tryggja öryggi enn betur.



SFS2019110005

ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um öryggismál í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður:

Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS.

Inngangur:

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi 8. október 2019 að fela sviðsstjóra að setja af stað starfshóp til að móta tillögur til að auka öryggi barna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Á sama fundi var samþykkt að vísa til starfshópsins tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi eftirlit við grunn- og leikskóla í borginni og tillögur varðandi auðkenni og öryggismyndavélar. Könnuð var staða öryggismála hjá starfseiningum skóla- og frístundasviðs og gerð grein fyrir henni í minnisblaði sem lagt var fram í skóla- og frístundaráði á sama fundinum 8. október. Stjórnendur leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs lögðu fram ýmsar tillögur til úrbóta til að auka öryggi barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Starfshópurinn nýti framangreindar upplýsingar og tillögur í starfi sínu auk annarra upplýsinga sem hópurinn aflar t.d. um þátt forvarna og fræðslu varðandi öryggismál barna, ungmenna og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi.

Hlutverk:

Móta tillögur til að auka öryggi barna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Gera tillögur að leiðum til að bæta öryggi í tengslum við aðgengi að starfsstöðum, jafnt byggingum sem lóðum og tryggja að tillögurnar séu í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga, önnur lög sem varða starfsemi skóla- og frístundasviðs og stefnur borgarinnar.
- Skoða þá öryggisferla sem eru til staðar í dag og geri tillögu að samræmdum ferlum.
- Kanna kosti þess að nýta öryggismyndavélar í auknum mæli við starfsstaði, merkingar starfsfólks og hafa strangari aðgangsstýringar.
- Skoða þátt forvarna og fræðslu varðandi öryggismál til barna, ungmenna og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi.
- Kostnaðarmeta tillögur.

Starfshópurinn skipa:

Guðrún Hjartardóttir, verkefnastjóri á skrifstofu sviðsstjóra, hópstjóri

Guðrún Ísabella Þráinsd., verkefnastjóri, frístundahluta fagskrifstofu, Soffía Pálsdóttir frá 1.1.2020

Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri á grunnskólahluta fagskrifstofu

Sigríður Marteinsdóttir, verkefnastjóri á leikskólahluta fagskrifstofu, Hanna Halldóra Leifsdóttir frá 1.1.2020

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:

http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf. Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu. Starfshópurinn skal hafa samráð við ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar en hjá henni er vettvangur samráðs borgarfulltrúa og sérfræðinga á sviði ofbeldisvarna og er nefndin virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Ofbeldisvarnarnefnd er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðlar með viðfangsefnum sínum, ráðgjöf og tillögum að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi.

Starfstími:

Starfshópurinn skili kostnaðarmetnum tillögum til skóla- og frístundaráðs eigi síðar en 1. febrúar 2020. Hópnum verði heimilt að skila tillögum um einstök atriði fyrir ef þörf verður talin á því.

Reykjavík, 30. október 2019

Hjálagt:

maí 2020

Leikskólar:**Viðmið varðandi aukið öryggi í leikskóla og á leikskólalóð**

Eftirfarandi viðmið eru sett fram fyrir leikskóla í Reykjavík til að stuðla að auknu öryggi í leikskóla og á leikskólalóðum með markvissri aðgangsstýringu, eftirliti, innra öryggi og upplýsingagjöf. Að öðru leyti er leikskólum bent á að nýta sér og hafa ávallt til taks *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum* https://mms.is/sites/mms.is/files/oryggishandbok_leikskola.pdf (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014 síðast uppfærð í mars 2018).

Aðgangsstýring og eftirlit

- Auðkenna aðalinngang leikskólans, utandyra þ.e. þann inngang sem leikskóli vill beina gestum að.
- Hafa upplýsingar við aðalinnganga um reglur varðandi komur foreldra, iðnaðarmanna og annarra sem eiga erindi í leikskólann á íslensku og ensku. Þar séu einnig upplýsingar um hvar skrifstofu skólans er að finna (myndræn lýsing) og jafnvel leiðarvísar á leiðinni ef með þarf.
- Koma fyrir öryggismyndavélum utandyra við aðalinngang/a og mögulega víðar á leikskólalóð
- Vera með vaktað öryggiskerfi.
- Vera með góða lýsingu í kringum leikskóla og t.d. ljósabúnað með hreyfiskynjara til að draga úr skemmdarverkum (sjá nánar í lið 5.5.1, bls. 29 í *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum*).

Innra öryggi

Leikskólinn geri sér verklagsreglur um innra öryggi þar sem eftirfarandi atriði eru tilgreind.

- Auðkenning starfsmanna, þ.e. hvort þeir eru með auðkennisspjald eða annað.
- Allir starfsmenn séu auðkenndir í útivist t.d. með vestum í skærum litum.
- Myndir séu á vegg af öllum starfmönnum leikskólans (mynd, nafn og starfsheiti) nálægt inngangi hvernar deildar.
- Starfsmenn séu meðvitaðir um að gefa sig að ókunnugum sem þeir sjá innan leikskólans eða skólalóðar og bjóða fram aðstoð sína. Starfsmaður fylgi viðkomandi á skrifstofuna eða (ef það er regla skólans) til þess starfsmanns sem viðkomandi á erindi við. Þá er æskilegt að gestum sé fylgt á útleið áleiðis að útgangi.
- Viðbragðsáætlun ef gestur sýnir óæskilegt atferli (við skóla, á skólalóð og í skóla) t.d. að starfsfólk láti stjórnendur vita af grunsamlegum mannaferðum/ökutækjum á bílastæði eða á lóðarmörkum, skilgreina í hvaða tilvikum er kallað á lögreglu.

Kynning og upplýsingagjöf

- Fara yfir verklagsreglur með foreldraráði
- Kynna verklagsreglur á fundum með starfsmönnum.
- Hafa kynningu á verklagsreglum sem hluta af nýliðabjálfun.
- Fjalla um verklagsreglur á fundi með foreldrum
- Upplýsa foreldra með tölvupósti og á heimasíðu.
- Verlagsreglur komi fram í starfsmannahandbók

maí 2020

Grunnskólar:

Viðmið varðandi aukið öryggi í skóla og á skólalóð á skólatíma

Eftirfarandi viðmið eru sett fram fyrir grunnskóla í Reykjavík til að stuðla að auknu öryggi í skóla og á skólalóðum á skólatíma með markvissri aðgangsstýringu, eftirliti, innra öryggi og upplýsingagjöf. Að öðru leyti er skólum bent á að nýta sér og hafa ávallt til taks *Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum* https://mms.is/sites/mms.is/files/oryggishandbok_grunnskola.pdf (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014 síðast uppfærð í mars 2018).

Aðgangsstýring og eftirlit

- Bjóða börn velkomin í skólann við upphaf skóladags við þá innganga sem ætlaðir eru skólabörnum og kveðja þau í lok dags. Ákveða hvort opna á alla innganga á sama tíma eða að ákveðinn inngangur sé opnaður fyrir þá sem mæta snemma og takmarkað aðgengi innan skólans fram að ákveðnum tíma. Skilgreina hvaða inngangar eiga að vera opnir á skólatíma og upplýsa skólasamfélagið um það.
- Hafa mönnun við innganga í frímínútum og loka eins og kostur er inngöngum á meðan kennsla stendur yfir. Loka inngöngum í lok skóladags eins og kostur er en þó taka tillit til fastrar starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar í skólalóðum eins og frístundaheimilis, félagsmiðstöðvar og skólahljómsveita.
- Auðkenna utandyra aðalinngang skólans, þ.e. þann inngang sem skóli vill beina gestum að.
- Hafa upplýsingar á íslensku og ensku við aðalinnganga um reglur varðandi komur foreldra, iðnaðarmanna og annarra sem eiga erindi í skólann. Þar séu einnig upplýsingar um hvar skrifstofu skólans er að finna (myndræn lýsing) og jafnvel leiðarvísar á leiðinni ef með þarf.
- Koma fyrir öryggismyndavélum utandyra við aðalinngang/a og mögulega víðar á skólalóð, einnig nokkrar innandyra á helstu umferðarsvæðum/göngum, eftir þörfum og aðstæðum á hverjum stað..
- Vera með vaktað öryggiskerfi.
- Vera með góða lýsingu á skólalóðum og t.d. ljósabúnað með hreyfiskynjara til að draga úr hættu á skemmdarverkum (sjá nánar í lið 5.5.2, bls. 25 í *Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum*).

Innra öryggi

Skólinn geri sér verklagsreglur um innra öryggi þar sem eftirfarandi atriði eru tilgreind.

- Auðkenning starfsmanna, þ.e. hvort þeir eru með auðkennisspjald eða annað.
- Allir starfsmenn séu auðkenndir í útivist t.d. með vestum í skærum litum.
- Myndir af öllum starfmönnum skólans (mynd, nafn og starfsheiti) séu á vegg nálægt aðalinngangi.
- Starfsmenn séu meðvitaðir um að gefa sig að ókunnugum sem þeir sjá innan skólans eða skólalóðar og bjóða fram aðstoð sína. Starfsmaður fylgi viðkomandi á skrifstofuna eða (ef það er regla skólans) til þess starfsmanns sem viðkomandi á erindi við. Þá er æskilegt að gestum sé fylgt á útleið áleiðis að útgangi.
- Viðbragðsáætlun ef gestur sýnir óæskilegt atferli (við skóla, á skólalóð og í skóla) t.d. að starfsfólk láti stjórnendur vita af grunsamlegum mannaferðum/ökutækjum á bílastæði eða á lóðamörkum, skilgreina í hvaða tilvikum er kallað á lögreglu.

maí 2020

Kynning og upplýsingagjöf

- Fara yfir verklagsreglur í skólaráði.
- Kynna verklagsreglur á fundum með starfsmönnum.
- Hafa kynningu á verklagsreglum sem hluta af nýliðaþjálfun.
- Fjalla um verklagsreglur á fundi með foreldrafélagi.
- Upplýsa foreldra með tölvupósti og á heimasíðu.
- Upplýsa helstu samstarfsaðila (skólahljómsveit, frístundaheimili, félagsmiðstöð, þjónustumiðstöð, farteymi, skrifstofa SFS).
- Upplýsa nemendur um verklagsreglur.

Öryggisfræðsla til nemenda og starfsfólks

- Kynna starfsfólki leiðbeiningar um viðbrögð við kynferðislegri áreitni og ofbeldi í skóla- og frístundastarfi
- Kynna nemendum leiðbeiningar um viðbrögð við kynferðislegri áreitni og ofbeldi í skóla- og frístundastarfi
- Taka upp verkefnið – „Opinskátt gegn ofbeldi“
- Upplýsa nemendur um hvernig þeir geti tilkynnt ofbeldi.

maí 2020

Frístundastarf:

Viðmið varðandi aukið öryggi í frístundastarfi, innan dyra sem utan

Eftirfarandi viðmið eru sett fram fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í Reykjavík til að stuðla að auknu öryggi í frístundastarfi, innan dyra sem utan, með markvissri aðgangsstýringu, eftirliti, innra öryggi og upplýsingagjöf. Að öðru leyti er frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum bent á að nýta sér og hafa ávallt til taks *Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum* https://mms.is/sites/mms.is/files/oryggishandbok_grunnskola.pdf (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014 síðast uppfærð í mars 2018).

Aðgangsstýring og eftirlit

Frístundaheimili

- Bjóða börn velkomin í frístundaheimilið og merkja þau inn í Völufrístund þegar þau eru koma þangað að skóladegi loknum og þau kvödd og merkt út úr Völunni í lok dags.
- Skilgreina hvaða innganga foreldrar/forráðamenn eiga að nota þegar þeir koma og sækja börnin í frístundaheimilið. Ákveða hvort aðrir inngangar séu opnir líka.
- Hafa starfsmann staðsettan nálægt aðalinngangi inn í frístundaheimilið. Loka öðrum inngöngum inn í frístundaheimilið eins og kostur er.
- Auðkenna aðalinngang frístundaheimilisins, utandyra þ.e. þann inngang sem starfsfólk vill beina gestum að.
- Hafa upplýsingar við aðalinngang um reglur varðandi komur foreldra, iðnaðarmanna og annarra sem eiga erindi í frístundaheimilið á íslensku og ensku.
- Koma fyrir öryggismyndavélum utandyra við inngang og mögulega víðar við frístundaheimilið/félagsmiðstöðina.
- Vera með vaktað öryggiskerfi.
- Vera með góða lýsingu við frístundaheimilið og t.d. ljósabúnað með hreyfiskynjara til að draga úr skemmdarverkum (sjá nánar í lið 5.5.2, bls. 25 í Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum).

Félagsmiðstöðvar

- Bjóða börn og unglinga velkomin í félagsmiðstöðina og þau kvödd þegar þau fara. Skilgreina hvaða inngang börnin og unglingarnir eiga að nota þegar þeir koma í félagsmiðstöðina og ákveða hvort aðrir inngangar séu opnir líka.
- Hafa starfsmann/menn staðsettan nálægt aðalinngangi inn í félagsmiðstöðuna. Loka öðrum inngöngum inn í félagsmiðstöðina eins og kostur er.
- Auðkenna aðalinngang félagsmiðstöðvarinnar, utandyra þ.e. þann inngang sem starfsfólk vill beina gestum að.
- Hafa upplýsingar við aðalinngang um reglur varðandi komur foreldra, iðnaðarmanna og annarra sem eiga erindi í félagsmiðstöðina á íslensku og ensku.
- Koma fyrir öryggismyndavélum utandyra við inngang og mögulega víðar við frístundaheimilið/félagsmiðstöðina.
- Vera með vaktað öryggiskerfi.
- Vera með góða lýsingu við félagsmiðstöðina og t.d. ljósabúnað með hreyfiskynjara til að draga úr skemmdarverkum (sjá nánar í lið 5.5.2, bls. 25 í Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum).

maí 2020

Innra öryggi

Frístundaheimilið/félagsmiðstöðin geri sér verklagsreglur um innra öryggi þar sem eftirfarandi atriði eru tilgreind.

- Auðkenning starfsmanna, þ.e. hvort þeir eru með auðkennisspjald eða annað.
- Allir starfsmenn séu auðkenndir í útivist t.d. með vestum í skærum litum.
- Myndir séu á vegg af öllum starfmönnum (mynd, nafn og starfsheiti).
- Starfsmenn séu meðvitaðir um að gefa sig að ókunnugum sem þeir sjá innan frístundaheimilisins/félagsmiðstöðvarinnar eða á útisvæði og bjóða fram aðstoð sína. Starfsmaður fylgi viðkomandi til þess starfsmanns sem viðkomandi á erindi við, ef við á. Þá er æskilegt að gestum sé fylgt á útleið áleiðis að útgangi.
- Viðbragðsáætlun ef gestur sýnir óæskilegt atferli t.d. að starfsfólk láti stjórnendur vita af grunsamlegum mannaferðum/ökutækjum á bílastæði eða á lóðarmörkum, skilgreina í hvaða tilvikum er kallað á lögreglu.

Kynning og upplýsingagjöf

- Kynna verklagsreglur á fundum með starfsmönnum.
- Hafa kynningu á verklagsreglum sem hluta af nýliðabjálfun.
- Fjalla um verklagsreglur á foreldrafundi.
- Upplýsa foreldra með tölvupósti og á heimasíðu.
- Upplýsa helstu samstarfsaðila (skóla, frístundaheimili/félagsmiðstöð, skrifstofa SFS).
- Upplýsa börnin og unglíngana um verklagsreglur.

Öryggisfræðsla til barna, unglíngna og starfsfólks

- Kynna starfsfólki leiðbeiningar um viðbrögð við kynferðislegri áreitni og ofbeldi í skóla- og frístundastarfi
- Kynna börnum og unglíngum leiðbeiningar um viðbrögð við kynferðislegri áreitni og ofbeldi í skóla- og frístundastarfi
- Taka upp verkefnið – „Opinskátt gegn ofbeldi“
- Upplýsa börn og unglíngana um hvernig þeir geti tilkynnt ofbeldi.

Öryggi í skóla- og frístundastarfi á vefsíðum starfsstaða SFS

- Dæmi um efni sem ætti heima þar

- Skólareglur
- [Röskun á skólastarfi](#) – Slökkvilið höfuborgarsvæðisins
- [Röskun á skólastarfi vegna óveðurs - Reykjavíkurborg](#)
- Upplýsingar um öryggisbúnað (ef hann er á staðnum)
- [Öryggisáætlun](#) – Dæmi úr Austurbæjarskóla
- Eineltisáætlun
- Forvarnaáætlun
- Viðbragðs- og rýmingaráætlun/Rýmingaráætlun
- Áfallahjálp/Áfallaáætlun
- [Viðbragðsáætlun við heimsfaraldri](#)
- [Persónuvernd](#)
- [Aðgangsstýring og öryggi nemenda í skóla](#) – Dæmi úr Austurbæjarskóla

Fylgiskjal 9

Öryggismyndavélar - Dæmi um meðaltalskostnað fyrir leikskóla/frístundaheimili/félagsmiðstöð

Öryggismyndavélakerfi

Reykjavík

Öll verð skulu innihalda VSK.

				Ein. verð	Ein. verð	Ein. verð	Heild
Atriði	Magn	Ein	Tegund / Gerð	Efni	Vinna	Efni og vinna	Samtals
Myndavélar utanhúss tengibox fylgir	4	stk	IPC-HFW2231S-S-S2	8.041	23.000	31.041	124.164
Myndavélar innanhúss tengibox fylgir	0	stk	IPC-HDBW2231E-S-S2	8.216	17.250	25.466	0
Myndþjónn skólar ísetning á 1 stk HDD innifalin	0	stk	NVR4216-16P-4KS2	34.254	46.000	80.254	0
Myndþjónn leikskólar ísetning á 1 stk HDD innifalin	1	stk	NVR2208-8P-S2	21.390	46.000	67.390	67.390
Ísetning á auka hörðum disk	0	stk	ísetning auka HDD		5.750	5.750	0
Harður diskur fyrir myndþjón 3TB	1	stk	ST3000VX009 3TB	13.990	0	13.990	13.990
Þráðlaus sendir	0	stk	DH-PFM881	15.900	23.000	38.900	0
Switch fyrir þráðlausan sendi og myndavélar	0	stk	PFS4206-4P-120	12.210	23.000	35.210	0
Útikassi fyrir sendi og switch	0	stk	DH-PFA141	7.280	23.000	30.280	0
Lagnavinna pr meter	100	m.	pr meter strengur		766	766	76.600
Vinna við lagnaleiðir pr klst	16	klst	Lagnir strengja		9.700	9.700	152.200
Sérstillingar og kennsla - tímavinna	2	klst	Kennsla		11.500	11.500	23.000

Efni og vinna samtals án vsk: **460.344**Efni og vinna samtals með virðisaukaskatti: **570.827**

Dæmi um meðaltalskostnað fyrir grunnskóla

Öryggismyndavélakerfi

Reykjavík

Öll verð skulu innihalda VSK.

				Ein. verð	Ein. verð	Ein. verð	Heild
Atriði	Magn	Ein	Tegund / Gerð	Efni	Vinna	Efni og vinna	Samtals
Myndavélar utanhúss tengibox fylgir	18	stk	IPC-HFW2231S-S-S2	8.041	23.000	31.041	558.738
Myndavélar innanhúss tengibox fylgir	6	stk	IPC-HDBW2231E-S-S2	8.216	17.250	25.466	152.796
Myndþjónn skólar ísetning á 1 stk HDD innifalin	2	stk	NVR4216-16P-4KS2	34.254	46.000	80.254	160.508
Myndþjónn leikskólar ísetning á 1 stk HDD innifalin	0	stk	NVR2208-8P-S2	21.390	46.000	67.390	0
Ísetning á auka hörðum disk	0	stk	ísetning auka HDD		5.750	5.750	0
Harður diskur fyrir myndþjón 3TB	1	stk	ST3000VX009 3TB	13.990	0	13.990	13.990
Þráðlaus sendir	0	stk	DH-PFM881	15.900	23.000	38.900	0
Switch fyrir þráðlausan sendi og myndavélar	0	stk	PFS4206-4P-120	12.210	23.000	35.210	0
Útikassi fyrir sendi og switch	0	stk	DH-PFA141	7.280	23.000	30.280	0
Lagnavinna pr meter	500	m.	pr meter strengur		766	766	383.000
Vinna við lagnaleiðir pr klst	40	klst	Lagnir strengja		9.700	9.700	388.000
Sérstillingar og kennsla - tímavinna	2	klst	Kennsla		11.500	11.500	23.000

Efni og vinna samtals án vsk: **1.680.032**Efni og vinna samtals með virðisaukaskatti: **2.083.240**



VEGNA NOTKUNAR EFTIRLITSMYNDAVÉLA Í GRUNNSKÓLUM

Vegna fjölda fyrirspurna sem borist hafa skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar er talin ástæða til að útskýra þær reglur sem gilda um notkun eftirlitsmyndavéla í skólstarfi.

Um eftirlitsmyndavélar gilda reglur Persónuverndar um rafræna vöktun nr. 837/2006. Hægt er að lesa ýmsar ábendingar um notkun eftirlitsmyndavéla, sem byggja á framangreindum reglum, í ágætum bæklingi sem Persónuvernd gaf út og hægt er að nálgast [hér](#). Þar kemur fram að eftirlitsmyndavélar skuli settar upp í skýrum, yfirlýstum og málefnalegum tilgangi, t.d. í öryggis- og eignarvörslutilgangi. Nauðsynlegt er að starfsmenn og foreldrar/nemendur skólans fái tilkynningu og fræðslu um allar myndavélar, sem komið hefur verið fyrir í skólanum. Þar komi fram hver sé tilgangur vöktunarinnar, hverjir hafi eða kunni að fá aðgang að upplýsingum sem safnast og hversu lengi upplýsingarnar verði varðveittar. Lögfræðingar skóla- og frístundasviðs geta veitt skólum aðstoð við slíka fræðslu. Jafnframt skal vekja athygli á tilvist myndavéllanna með sérstöku merki/skilti. Með þessum hætti verður talið að skólinn hafi fullnægt fræðslu- og upplýsingaskyldu sinni.

Þá er brýnt að þeir grunnskólar sem setja upp eftirlitsmyndavélar geri svokallaðan vinnslusamning við þá aðila sem sjá um uppsetningu og rekstur á eftirlitsmyndavélakerfi skólans. Mælt er til þess að þeir skólar sem eru með eftirlitsmyndavélakerfi kanni hvort gerður hafi verið vinnslusamningur. Ef ekki er mikilvægt að undirrita slíkan samning sem fyrst.

Þá kemur fram í auglýsingu Persónuverndar nr.337/2019 um skrá yfir vinnsluáðgerðir sem krafist er mats á áhrifum á persónuvernd að rafrænt eftirlit við skóla telst vera vinnsla sem þarf að meta sérstaklega áður en vinnsla hefst. Það þýðir að framkvæma þarf svokallað MÁP (mat á áhrifum á persónuvernd) þar sem áhættur sem fylgja slíkri vinnslu eru metnar með nokkurs konar áhættumati. Allar nýjar eftirlitsmyndavélar sem setja á upp við grunnskóla þurfa að fara í gegnum slíkt MÁP. Einnig er mikilvægt að upplýsingar um rafræna vöktun komi skilmerkilega fram í vinnsluskrá grunnskóla sem skilað er til skóla- og frístundasviðs.

Almennt má segja að reglur um rafræna vöktun geri ráð fyrir að eftirlit sé fyrst og fremst utandyra eða þannig að þær beinist að útgöngum skólanna, þar sem koma megi í veg fyrir tjón vegna eignarspjalla, innbrota o.s.frv. Í lögum um persónuvernd koma fram meginreglur um meðalhóf og málefnanlegan tilgang vinnslu persónuupplýsinga og hefur því verið talið að rafræn vöktun sem fram fer í öðrum tilgangi geti talist óheimil. Notkun rafrænnar vöktunar í öðrum tilgangi, svo sem til að bregðast við agabrotum nemenda eða til notkunar til að hafa almennt eftirlit með skólstarfi, getur því orkað tvímælis og væri því æskilegt að óska eftir áliti Persónuverndar ef notast ætti við rafræna vöktun á öðrum forsendum í skólstarfi, t.d. innandyra eða í daglegu starfi skólans. Ef setja ætti t.d. upp beint opið streymi af skólalóð að kvöldlagi sem hluta af einhvers konar nágrannavörslu þyrfti að kanna sérstaklega lögmæti og tilgang þeirrar vinnslu. Í slíku tilfalli þyrfti að meta sérstaklega sjónarmið með og á móti slíkri vinnslu við mat á áhrifum persónuverndar.

Þá kemur fram í bæklingi Persónuverndar að ekki skuli safna persónuupplýsingum, t.d. myndefni, nema það sé nauðsynlegt í ljósi tilgangans með vöktuninni. Einnig kemur fram að einungis þeir sem starfa sinna vegna þurfa aðgang að myndefni skuli hafa hann (t.d. umsjónarmaður skóla og skólastjóri). Efni skuli eingöngu skoðað ef sérstakt tilefni gefst til þess, svo sem vegna innbrots, slyss eða þjófnaðar. Myndefni skuli eyða þegar ekki sé lengur málefnaleg ástæða til þess að varðveita efnið, t.d. ef enn er unnið með upplýsingar í samræmi við upphaflegan tilgang. Ekki á að varðveita efni öllu jöfnu lengur en í 14 daga. Sérstakar heimildir eru til að varðveita myndefni



lengur ef t.d. mál varðar lögregluna eða tryggingar vegna slyss. Af þessu er ljóst að mikilvægt er að setja strax í upphafi skýrar reglur um hverjir skuli hafa aðgang að myndefninu og hversu lengi skal varðveita efnið. Til stendur að skóla- og frístundasvið gefi út reglur um varðveislu efnis ef atvik koma upp sem þarf að skoða sérstaklega.

Sá sem sætir rafrænni vöktun getur átt rétt á því að skoða upptöku sem til verður um hann við vöktunina. Í flestum tilfellum væri þá um að ræða foreldra barns sem óskar eftir að sjá upptöku af barni sínu. Skal skólinn þá heimila slíka skoðun jafn fljótt og auðið er og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku slíkrar beiðni. Gæta þarf þess að í sumum tilfellum þar að gæta réttinda annarra aðila sem einnig geta verið á myndefninu vegna meðalhófs. Í einstaka tilfellum getur þurft að afmá andlit annarra einstaklinga á myndefninu.

Af framangreindu er ljóst að reglur um rafræna vöktun setja ströng skilyrði um tilgang og fræðslu um vöktunina og varðveislutíma og aðgangsstýringar að myndefninu. Vöktun skal ekki fara fram nema í samræmi við upphaflegan tilgang sinn og myndefni skal ekki skoðað nema í samræmi við þann tilgang. Komi upp tilfelli sem falla utan, t.d. öryggis- og eignarvörslutilgangs, má vera að ekki sé ástæða til að skoða myndefnið. Reglur um rafræna vöktun eru einnig skýrar hvað varðar varðveislutíma á myndefni en ekki skal geyma myndefni lengur er málefnanleg ástæða er til. Með því að eyða efninu má þannig koma í veg fyrir óþarfa söfnun persónuupplýsinga.

Vegna þeirra mikilvægu atriða sem gæta þarf að við þessa framkvæmd er mikilvægt að eftirlitsmyndavélakerfi eða viðbótar eftirlitsmyndavélar séu ekki settar upp nema að undangengnu samráði við samráði við lögfræðinga skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Ef skólar hafa nú þegar sett upp eftirlitsmyndavélar er mikilvægt að gæta þessara atriða sem nefnd eru hér að ofan og hafa samband við lögfræðinga skóla- og frístundasviðs til staðfestingar. Ef skólar hyggjast setja upp slíkar myndavélar er einnig mikilvægt að hafa samband við lögfræðinga skóla- og frístundasviðs til að framkvæma MÁP og gæta þess að vinnslusamningur sé gerður og fræðsla og merkingar uppfylli skilyrði laga um persónuvernd.

Ef óskað er frekari upplýsinga er hægt að hafa samband við teitur.skulason@reykjavik.is

20.12.2019

Fylgiskjal 11

Heiti starfsstaðar

Nafn starfsmanns
starfstitill



Heiti starfsstaðar

Nafn starfsmanns
starfstitill



Heiti starfsstaðar

Nafn starfsmanns
starfstitill



Dæmi um „heimagerð“ auðkenniskorti sem passa í plastvasa að stærðinni 105 mm x 75 mm sem settir eru í hálsband: <https://www.mulalundur.is/voruflokkur/plastvasar-og-gatapokar/barmmerki/> Ath. hér er bara eitt dæmi, hægt er að gera stærðir að eigin vild og kaupa plastvasa og hálsbönd eða vera með kort með nælu frá fleiri aðilum en þeim sem vísað er í hér, breyta uppsetningu, litum, letri og mynd.



Fylgiskjal 13

Reykjavík, 8 júní 2020

Umsögn um skýrslu starfshóps SFS dags 26/05/2020 : Öryggismál í skóla og frístundastarfi – tillögur starfshóps.

Skýrsla starfshópsins er almennt vel unnin og tillögurnar góðar. Það er jákvætt að auka öryggi starfsstaða og ákjósanlegt að svið og starfsstaðir setji upp öryggismyndavélar – svo fremi sem gert er ráð fyrir fjármagni bæði til uppsetningar og reksturs myndavélakerfanna og að framkvæmdin verði markviss og skynsamleg, með tilgang, ávinning og hagkvæmni að leiðarljósi.

Undirrituð fór yfir skjalið í samvinnu við Bjarna B. Bjarnason á USK og eru niðurstöður þeirrar yfirferðar eftirfarandi.

Varðandi merkingar og útfærslu á auðkenni starfsmanna og umgengni gesta hefði kannski mátt kveða fastar að orði og að lagðar yrðu skýrari línur varðandi það fyrirkomulag. Þannig að starfsstaðir gætu með lágmarksfyrirhöfn innleitt reglur um auðkenni og umgengni í stað þess að allir væru að hanna útfærslu hver í sínu horni. Hafa þarf í huga hvernig auðkenni geta fallið úr gildi, a.m.k. þar sem starfsmannavelta er mikil, - til dæmis með því að hafa gildistíma á auðkennismerkjum, breyta útliti auðkenna árlega eða oftár eða sjaldnar eftir því sem við á osfrv. Einnig er mikilvægt að upplýsa þjónustuaðila, t.d. USK, um umgengnisreglur gesta.

Athugið að handbók Mennta- og menningarmálaráðuneytisins á ekki að öllu leyti við um starfsstaði Reykjavíkurborgar, sem hefur skapað misskilning og er mikilvægt af þeim sökum að allsstaðar þar sem vísað er til hennar, bæði í texta skýrslu og fylgiskjölum, sé skýrt tekið fram að um leiðbeinandi reglur sé að ræða.

Varðandi fræðslu og upplýsingagjöf þá gæti framsetning upplýsinga um öryggismál á heimasíðu haft áhrif útfrá trygginga og tjónamálum og væri gott að slíkar upplýsingar og framsetning þeirra væri samræmd og unnin í samráði við verkefnisstjóra trygginga og lögfræðinga SFS og etv fleiri. Upplýsingar á heimasíðu Austurbæjarskóla eru mjög góðar og gætu nýst sem fyrirmynd fyrir aðra starfsstaði.

Þá eru nokkur atriði sem rétt er að benda á í tengslum við öryggismyndavélar.

- 1) Það þarf að gera ráð fyrir viðhaldi og rekstri við fjárveitingar vegna myndavéla. Starfsstaðir SFS hafa í einhverjum tilvikum átt erfitt með að tryggja virkni innbrotaviðvörðunarkerfa meðal annars vegna fjárskorts, - og það er mikilvægt að svona kerfum sé viðhaldið sem skyldi til að tryggja sem besta nýtingu þeirra
- 2) Áður en ráðist er í kaup og uppsetningu öryggismyndavéla er mikilvægt
 - a. að haft sé samráð við USK sem rekstraraðila fasteigna, til dæmis vegna lagnaleiða
 - b. að leitað sé ráðgjafar hjá öðrum en söluaðilum kerfa, hlutlausum aðilum, til dæmis þeim starfsmönnum RVK sem hafa þekkingu og reynslu á þessu sviði
 - c. að búið sé að ganga frá merkingum húsnæðis og fyrirkomulagi aðgangsmála
 - d. að meta þörf fyrir aðra þætti sem geta haft áhrif á árangurinn eins og til dæmis lýsingu
 - e. að fyrir liggji heimild Persónuverndar og samráð við lögfræðinga SFS eins og vel er útlistað í skýrslunni

Með kveðju,

Berglind Söbech

verkefnisstjóri trygginga

(og umsjónarmaður öryggisgæslusamnings RVK)

Reykjavík, 9. júní 2020
R20060031

Skóla- og frístundasvið
b.t. Guðrúnar Hjartardóttur

Efni:

***Umsögn ofbeldisvarnarnefndar um tillögur
starfshóps vegna öryggismála í skóla- og
frístundastarfi***

Á fundi ofbeldisvarnarnefndar 8. júní 2020 var eftirfarandi umsögn samþykkt:

Ofbeldisvarnarnefnd tekur undir tillögur starfshóps um öryggismál í skóla- og frístundastarfi. dags. 26. maí 2020.

Nefndin leggur áherslu á að öryggi barna og ungmenna sé tryggt í leikskóla, grunnskóla- og frístundastarfi. Samkvæmt tillögnum virðist hægt að bæta það til muna án mikils tilkostnaðar með breyttu verklagi, fræðslu, auðkenningu starfsfólks og merkingu bygginga. Ofbeldisvarnarnefnd telur að ganga eigi til þessa verks strax og að starfsfólki á skrifstofu Skóla- og frístundasviðs verði falið að bera ábyrgð á því að fylgja tillögnum eftir.

Lagt verði mat á það hvaða starfsstaðir þurfa á öryggismyndavélum að halda. Ljóst er að staðsetning skiptir máli því þeir sem eru í alfaraleið, t.d. í miðborg, verða frekar fyrir því að inn í þá fari þeir sem geta ógnað öryggi barna og ungmenna. Þrátt fyrir að það sé kostur að slík vöktun komi í veg fyrir þjófnaði og skemmdarverk þá á markmiðið alltaf að vera öryggi barna og ungmenna og útfærslan þarf að taka mið af því.

Fyrir hönd ofbeldisvarnarnefndar,

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir

Samrit:

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður ofbeldisvarnarnefndar